



Héraðsnefnd Árneseinga bs.

5. fundur haldinn í Versölum í Þorlákshöfn þriðjudaginn 14. október 2014 kl. 9:00

Formaður, Ari Björn Thorarensen, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann til að Rósa Sif Jónsdóttir yrði fundarritari Héraðsnefndar Árneseinga. Var það borið undir atvæði og samþykkt samhljóða.

Um leið og Ari bauð nýjan ritara velkominn þakkaði hann Höllu Guðmundsdóttur, fráfarandi ritara, fyrir góð störf í þágu nefndarinnar mörg undanfarin ár.

1. Fundarsetning og yfirferð fundargerða

Fundargerðir Héraðsnefndar Árneseinga, nr. 3 frá 11. apríl og nr. 4 frá 2. júlí, voru lagðar fram til samþykktar og einnig fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga nr. 1. frá 2. september, nr. 2. frá 8. september og nr. 3 frá 8. október.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi Kjartansson og Sveinn Steinarsson.

Rætt var um að formaður sjálfur sendi öll fundarboð og önnur gögn nefndarmanna. Þá er það á hans ábyrgð að allir nefndarmenn fái gögn.

Fundargerðir voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árneseinga

Fundargerðir fagráðs Byggðasafns Árneseinga, frá 2. september og 30. september, voru lagðar fram til samþykktar.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson og Helgi Kjartansson.

Rætt var um opnunartíma Byggðasafns Árnesinga og hvort gestafjöldi hefði aukist þar sem opnunartími var lengdur nú sl. sumar.

Fundargerðir bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Lýður Pálsson kom inn á fundinn sagði frá Byggðasafni Árnesinga. Gert er ráð fyrir að safnið verði opið í 5 mánuði árið 2015 eins og í ár þ.e. frá 1. maí – 30. september.

Reyndist það vel, þó aukningin hafi ekki verið mikil, gestir komu þó alla dagana.

Aðsókn að safninu var meiri í ár en árið 2013. Ekki er búið að taka saman heildarfjölda gesta en haldin er skrá yfir fjölda íslenskra og erlendra gesta.

Áframhaldandi vinna á húsakynnum verður í samræmi við verkáætlun. Ætlunin er að tjarga húsið á Eyrarbakka í sumar. Viðgerðum á Kirkjubæ lauk nú í vor og er ætlunin að opna þar sýningu á Vori í Árborg. Ekki er kominn lokareikningur frá smiðunum og því ekki ljóst hver heildarkostnaðurinn verður.

Eignin að Austurmýri 21 var seld á árinu en hún var arfur til safnsins eftir Helga Ívarsson. Gert er ráð fyrir að fjármagna sýninguna í Kirkjubæ fyrir Helgasjóð.

Húsasafn Þjóðminjasafnsins er nú að vinna að endurgerð hjalls við safnið. Unnið verður áfram að söfnun og skráningu en skráð er eftir söfnunarstefnu.

Verið að vinna að nýrri sýningu um Vesturfara á Suðurlandi og verður hún opnuð á safnahelgi á Suðurlandi. Stefnt er að uppsetningu á nýrri sýningu í Húsinu á árinu og verður sumarsýningin í ár um ljósmyndarana Margræti Árnason og Láru Ólafsdóttur.

Áfram verður unnið að þróum sýninga í Húsinu.

Lýður sýndi nýja bók sem út hefur verið gefin um Húsið á Eyrarbakka. Lýður Pálsson er höfundur bókarinnar.

Áætlað er að halda upp á 250 ára afmæli Hússins á Eyrarbakka 3. ágúst nk. en þann dag eru einnig 20 ár síðan safnið var opnað.

Vinna þarf að áætlun um þá muni sem eru nú í Mundakotsskemmu, hún geymir mjög marga muni en húsið er farið að láta á sjá því þarf að finna mununum annan stað.

Unnið skal áfram að safnakennslu við skóla.

Gripir frá safninu eru til sýnis, m.a. í Geysisstofu, spurning er hvort taka eigi þá gripi til geymslu þar sem þeim eru ekki gerð nógu góð skil í dag. Gert er ráð fyrir kjarasamningsbundnum hækkunum á launum starfsmanna Byggðarsafnsins í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015, prentkostnaður verður lægri á komandi ári þar sem ekki er gert ráð fyrir útgáfu 2015. Hækkun er á auglýsingarkostnaði þar sem safnið auglýsir sig nú í fleiri tímaritum.

Til máls tóku auk formanns Ragnar Magnússon, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Guðmundur Ármann Pétursson.

3. Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga

Fundargerð fagraðs 1. október var lögð fram til samþykktar.

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Inga Jónsdóttir kom inn á fundinn og sagði frá starfi Listasafns Árnesinga. Sýningarnar sem nú eru í gangi eru Umrót og Vegferð en þær eru unnar í samvinnu við Listasafn Íslands.

Á safnahelgi á Suðurlandi er áætlað að opna sýningu við Hótel Örk.

Kynntar voru fjölbreyttar og spennandi sýningar komandi árs. Síðasta sýning ársins er unnin úr pappír og er stefnt að því að vera með listasmiðju í kjölfar hennar.

Lagt hefur verið upp úr að vinna með börnum og skólum og var tekinn dagur í verkefnið í Sunnulækjarskóla og í Listasafninu í vor. Markmiðið er að kynna listina enn frekar fyrir ungu fólki og skólunum í sýslunni.

Rætt var um að það væri auðveld leið fyrir nemendur í Hveragerði að koma og skoða safnið en hún vonast eftir því að það verði hægt að fá fleiri nemendur úr öðrum skólum til að koma og skoða safnið.

Húsnæði safnsins lekur og því er óskað eftir fjármagni í að laga lekann einnig þarf að laga í kringum glugga. Nefndarmenn eru á því að viðhalda þurfi húsinu eftir þörfum. Hækkun hefur orði á liðnum sýningar en nú í ár verður minna um samstarfssýningar. Rekstrarstyrkur er enn veittur en ekki er gert ráð fyrir að fá aðra styrki en frá Hveragerðisbæ. Flutningsgjöld hafa hækkað og margt í kringum uppsetningar á sýningum. Það er óhætt að segja að orðstír safnsins hafi vaxið meira en framlög.

Til máls tóku auk formanns Ragnar Magnússon, Sveinn Steinarsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Kjartan Björnsson, Gunnar Þorgeirsson og Arna Ír Gunnarsdóttir,

4. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga

Fundargerðir nr. 166 frá 25. apríl, nr. 167 frá 3. september og nr. 168 frá 1. október voru lagðar fram til samþykktar.

Gunnar Þorgeirsson, Ragnar Magnússon, Aldís Hafsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Ásta Stefánsdóttir tóku til máls.

Rætt var um kjaramál tónlistarskólakennara og yfirvofandi verkfall kennara 22. október nk. Kennslukvóti hefur verið aukinn í Bláskógabyggð og Árborg, fram kom fyrirspurn um hvort aukinn kostnaður verði á öll sveitarfélög en það verður aðeins hækkun hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Fundargerðir bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Helga Sighvatsdóttir og Robert Darling komu inn á fundinn og sögðu frá Tónlistarskóla Árnesinga. Þau sögðu frá því að skólinn verður 60 ára á komandi ári og er áætlað að halda upp á það á opnum degi í apríl og fá þá sem flesta nemendur til að koma og gera sér glaðan dag ásamt því að bjóða íbúum að koma og skoða skólana/kennslustaðina.

Allir nemendur sem vilja stunda fullt nám hafa kost á því núna og skólinn er kominn á

þann stað sem hann var árið 2000 og aðeins betur. Kennslukvóti hefur verið aukinn og er hann full nýttur.

Sagt var frá húsnæði sem tekið hefur verið í notkun í Þorlákshöfn sem almenn ánægja er með.

Fyrirhugað verkfall tónlistarkennara er þeim ofarlega í huga og eru þau hrædd um að verkfall skelli á 22. október nk. Rætt var um launakröfur tónlistarkennara en þeir vilja fá laun í samræmi við laun grunn- og leikskólakennara.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Helga Sighvatsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ragnar Magnússon, Sveinn Steinarsson og Helgi Kjartansson.

5. Kosning varamanna

Aldís Hafsteinsdóttir lagði til að eftirtaldir verði kosnir varamenn til tveggja ára í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga og voru þau kosin á aukafundi 2. júlí 2014 til tveggja ára. Gildir kjörið til vorfundar 2016 skv. 6 gr. samþykktu um Héraðsnefnd Árnesinga bs.

Til vara:

Ásta Stefánsdóttir, Árborg
Ármann Einarsson, Svfél. Ölfus
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði
Kjartan Björnsson, Árborg
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð

Eftirfarandi er tillaga kjörnefndar að varamönnum í fagrað héraðsnefndar en skv. samþykkt aukafundarins var kjörnefnd falið að leggja fram slíka tillögu á haustfundi.

Fagrað Tónlistarskóla Árnesinga:

Til vara:

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Helga Þórey Rúnarsdóttir, Árborg
Viktoría Kristinsdóttir, Hveragerði

Fagrað Byggðasafns Árnesinga:

Til vara:

Eggert Valur Guðmundsson, Árborg
Guðmundur Oddgeirsson, Svfél. Ölfus
Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahr.

Fagrád Héraðsskjalasafns Árneseinga:

Til vara:

Elínborg M. Ólafsdóttir, Hveragerði
Óskar G. Jónsson, Árborg
Eydís Indriðadóttir, Flóahreppi

Fagrád Listasafns Árneseinga:

Til vara:

Þrúður Sigurðardóttir, Svfél. Ölfus
Jóna Sigurbjartsdóttir, Árborg
Linda Sverrisdóttir, Grímsnes- og Grafningsshr.

Fagrád Brunavarna Árneseyslu

Til vara:

Ásta Stefánsdóttir, Árborg
Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahr.
Gunnsteinn R. Ómars, Svfél. Ölfus

Lagt er til að eftirtaldir verði kosnir í Alviðrunefnd.

Alviðrunefnd:

Aðalmaður:

Árni Einarsson, Flóahreppi

Varamaður:

Anna Björg Níelsdóttir, Svfél. Ölfus

Tillögurnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árneseinga

Fundargerð fagráðs 22. september var lögð fram til samþykktar.

Auk formanns tóku til máls Gunnar Þorgeirsson, Sveinn Steinarsson, Guðmundur Ármann Pétursson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þorsteinn Mátsson kom inn á fundinn og sagði frá Héraðsskjalasafni Árneseinga. Í dag eru 2 starfsmenn í ljósmyndaverkefninu og 2 starfsmenn í skjalavinnslu en það væri óskastaða að hafa 1 starfsmann í viðbót í skjalavinnslu.

Mikil breyting varð í maí þegar ný lög um skjalasöfn tóku gildi og er nú aðalstarf skjalasafnsins skilgreint þannig: að taka á móti skjölum, að hafa skjöl til reiðu, leiðbeina um notkun skjala, eftirlit með skjölum, rannsóknir, öflun heimilda frá afhendingarskyldum aðilum og miðlun skjala.

Eftir að lögin tóku gildi þá þarf að sækja um starfsleyfi innan 3ja ára til að hafa starfsleyfi fyrir héraðsskjalasafnið. Þorsteinn ræddi um kosti við að sameina

héraðsskjalasöfn í Rangárvallasýslu og Austur Skaftafellssýslu í kjölfar lagabreytingar, þar sem mörg minni söfn, t.d. á Skógum, Höfn og Vestmannaeyjum, munu líklega ekki endurnýja eða fá endurnýjuð starfsleyfi.

Það sem af er árinu hafa 800 gestir komið á safnið og afhendingar verið 45.

Húsnæðismál safnsins voru rædd en það er of lítið í dag, t.d. er ekki góð aðstaða til að taka á móti gestum og ef þarf að afhenda trúnaðargögn þarf að biðja alla óviðkomandi um að fara út á meðan á því stendur. Óska stærð af húsnæði til framtíðar er um 500 m², verið er að leita af geymsluhúsnæði og eru tveir staðir í skoðun, ekki hefur þó verið tekin ákvörðun um hvar leigt verður.

Fyrir safnahelgina er áætlað að fjölga myndum á myndasíðunni. Menningarráð Suðurlands hefur styrkt verkefnið og í dag er ríkið líka að styðja það, þetta er líklega síðasta árið sem ríkið gerir það.

Verið er að vinna áætlun um hvað til er af skjölum og hvaða skjöl á og þarf að varðveita. Þessi vinna er í samvinnu við sveitarfélögin og einnig við skólana.

Rafræn skjalavarsla er eitthvað sem koma skal en spurning er hvenær hún verður alfarið komin í gagn, er ólíklegt að það verði strax en þó þarf að fara að vinna að lausn á þeim málum.

Til máls tók auk formanns Ásta Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Njörður Sigurðsson, Svanhvít Hermannsdóttir, Guðmundur Ármann Pétursson og Aldís Hafsteinsdóttir.

7. Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnassýslu

Fundargerðir fagráðs, nr. 6 frá 8. apríl og nr. 7 frá 6. október, voru lagðar fram til samþykktar.

Auk formanns tók til máls Aldís Hafsteinsdóttir.

Fundargerðir bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Kristján Einarsson og Pétur Pétursson komu á fundinn og sögðu frá rekstri BÁ og kynntu fyrir hvað BÁ stendur.

Brunavarnir Árnassýslu, Björgunarfélag Árborgar og Sjúkraflutningar eru staðsett í húsnæði Brunavarna á Selfossi en slökkvistöðvar eru 7 í sveitarfélögunum í kring. Í dag er 1 stöð í eigu BÁ hinar 7 eru leigðar. Einnig var farið yfir bílaflota slökkviliðsins.

Starfsmenn BÁ eru 120 talsins, nánast allir í hlutastarfi. Þeir eru misvirkir en til staðar þegar útköll eiga sér stað.

Farið var yfir hverju starfsmenn brunavarna þurfa að skila til að mega starfa sem slökkviliðsmenn, sem dæmi fjölda æfingatíma á ári og námskeið. Slökkviliðsmenn þurfa að standast þrekpróf og læknisskoðun. Farið var yfir búnað sem þarf fyrir hvern slökkviliðsmann og hvað þarf að endurnýja og prófa reglulega af búnaði og kostnaðinn við það.

Hann fór einnig yfir fjölda útkalla sl. árs sem voru flest út af bruna, næst á eftir voru klippiútköll.

Eldvarnareftirlit er stór þáttur í vinnu BÁ þar þarf að fylgja lögum og reglugerðum. Mörg mannvirki eru tímafrek í úttekt og liggur mikil vinna að baki áður en mætt er á staðinn í eldvarnarúttekt. Samkvæmt lögum er skilyrt að skoða mannvirki reglulega. Hver starfsmaður getur ekki skoðað nema að hámarki 200 eignir á ári. BÁ sinnir eldvarnareftirliti á 8.990 ferkílómetra svæði.

Pétur fór einnig yfir fjárhagsáætlun fyrir BÁ en talsverð hækkun er þar. Stærsti liðurinn er launakostnaður, búnaður og viðhald fasteigna. Hann telur að þessi hækkun sem er nú í fjárhagsáætlun sé ekki komið til að vera viðvarandi næstu ár. Áætlað er að byggja nýja slökkvistöð í Árnosi, kaupa þarf tæki og endurnýja sérbúnað. Kristján ræddi um Slökkvitækjapjónustuna og taldi betra að reka hana undir BÁ, þá væri einnig hægt að nýta manninn betur. Einnig var rætt um að endurskoða þjónustusamning við Landsvirkjun þegar nógildandi samningur rennur út.

Til máls auk formanns tóku Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Gunnar Þorgeirsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Björgvin Skafti Bjarnason, Guðmundur Ármann Pétursson og Sveinn Steinarsson,

8. Fjárhagsáætlun Almannaþingarinnar

Fundargerðir nr. 17 frá 20. ágúst og nr. 18 frá 18. september voru lagðar fram til samþykktar.

Ásta Stefánsdóttir og Gunnar Þorgeirsson tóku til máls.

Fundargerðir bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Rætt var um gos og áhættu sem því fylgir, einnig þær áætlanir sem unnið er að vegna áhættu á flóðum í kjölfar goss á öllu landinu. Núna eru reglulega fundir tvisvar sinnum í viku til að fara yfir stöðu mála vegna gossins í Bárðarbungu.

Kristján Einarsson ræddi um uppbyggingu stjórnstöðvar fyrir samhæfingarstöð björgunarsveitanna. Einnig ræddi hann um útgefið efni vegna eldgoss en ekki er vitað hvort gefa þurfi út meira efni, það veður tíminn að leiða í ljós.

9. Umræður um hjúkrunarheimili

Ásta Stefánsdóttir lagði fram tillögu starfshóps Héraðsnefndar Árnesinga um leiðir til að fjölga hjúkrunarrýmum. Í starfshópnum sitja auk Ástu, Jón G. Valgeirsson, Unnur Þormóðsdóttir og Sveinn Steinarsson.

Í tillögunni er lagt til að hjúkrunarheimili verði byggt á Selfossi og að sótt verði um 60 rými en þá er horft til þess biðlista sem er eftir hjúkrunarrýmum í sýslunni og þeirra upplýsinga sem fengist hafa frá heilbrigðisráðuneytinu að ekki séu uppi áform um af

Þess hálfu að bæta húsakost á dvalar- og hjúkrunarheimilum í sýslunni sem telst ekki vera viðunandi. Þetta yrði samstarfsverkefni sveitarfélaganna og hægt yrði að vista nokkur af þessum rýmum í öðrum sveitarfélögum.

Til máls tóku auk formanns Unnur Þormóðsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson, Björgvin Skafti Bjarnason, Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ragnar Magnússon, Helgi S. Haraldsson og Guðmundur Ármann Pétursson.

Fundarmenn tóku jákvætt í tillöguna og var vinnuhópnum falið að senda hana til samþykktar sveitarstjórna.

Héraðsnefnd þakkar vinnuhópnum fyrir góð störf.

10. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga

Byggðasafn Árnesinga

Tekin var fyrir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga, lagt er til að fjárveiting til Byggðasafns Árnesinga verði 23.100.000 kr. og er það hækkun um 1.500.000 kr. frá árinu 2014.

Fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Listasafn Árnesinga

Tekin var fyrir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga.

Aldís Hafsteinsdóttir lagði til að aukið verði framlag í viðhald og viðgerðir úr 1.000.000 í 1.500.000.

Auk formanns tóku til máls Ragnar Magnússon, Gunnar Þorgeirsson, Ingibjörg Garðarsdóttir og Sveinn Steinarsson.

Lagt er til að fjárveiting til Listasafns Árnesinga verði 21.500.000 kr. og er það hækkun um 2.700.000 kr. frá árinu 2014.

Fjárhagsáætlunin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 500.000 kr. viðbót í viðhald og viðgerðir, s.s. samtals 21.500.000 kr.

Tónlistarskóli Árneseinga

Tekin var fyrir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árneseinga, lagt er til að fjárveiting til Tónlistarskóla Árneseinga verði 191.141.696 kr. og er það hækkun um 5.684.498 kr. frá árinu 2014.

Fjárhagsáætlunin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Héraðsskjalasafn Árneseinga

Tekin var fyrir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árneseinga, lagt er til að fjárveiting til Héraðsskjalasafns Árneseinga verði 19.800.000 og er það hækkun um 2.500.000 kr. frá árinu 2014.

Auk formanns tóku til máls Aldís Hafsteinsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir og Sveinn Steinarsson.

Fjárhagsáætlunin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Brunavarnir Árneseinga

Tekin var fyrir fjárhagsáætlun Brunavarna Árneseinga.

Auk formanns tóku til máls Arna Ír Gunnarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Ármann Einarsson, Helgi S. Haraldsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Helgi Kjartansson, Guðmundur Ármann Pétursson, Kjartan Björnsson, Björgvin Skafti Bjarnason og Sveinn Steinarsson.

Lagt er til að framlag sveitarfélaganna verði 190.000.000 kr. en það er hækkun um 14.881.000 kr. frá árinu 2014.

Farið er fram á að BÁ skili fjárfestingaráætlun til næstu 3ja ára fyrir 15. nóvember nk.

Héraðsnefnd gerir ekki ráð fyrir því að fjárhagsáætlun sé skilað með hagnaði.

Fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði með þeim breytingum sem fram koma hér að framan. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Almannavarnir

Tekin var fyrir fjárhagsáætlun Almannavarna, lagt er til að fjárveiting ársins verði 3.570.000 kr. og er það hækkun um 185.000 frá árinu 2014.

Var fjárhagsáætlunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál:

a) FSu

Ásta Stefánsdóttir sagði frá viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurlands og endurbætur á Hamri og sýndi plögg sem annars vegar sýna kostnaðinn og einnig plagg sem sýnir hvernig inneignin í sjóðnum stóð í upphafi árs og hvað er búið borga og borga á á næsta ári. Rætt var um hvernig best væri að fjármagna bygginguna.

Lagt er til að framkvæmdastjórnin skoði hvernig best er að fjármagna viðbyggingu við FSu og endurbætur á Hamri og komi með tillögu að fjármögnun þessara bygginga og breytingar á vorfundi.

Var það samþykkt samhljóða.

Til máls tóku Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson og Ragnar Magnússon.

b) Áshildarmýri

Formaður sagði frá undirritun sammings um Áshildarmýri og einnig um gerð sammings við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um viðhald þar.

c) Hlutabréf í Ramma

Sveinn Steinarsson ræddi um hlutabréf nefndarinnar í Ramma en Rammi er tilbúinn til að kaupa hlutabréf nefndarinnar.

Tillaga um sölu á hlutabréfum var borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Breyting á samþykktum, fjölgun í fagráðum

Lagt er til að framkvæmdastjórn nefndarinnar taki fyrir breytingu á samþykktum og taki tillit til fjölda í fagráðum.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ari Björn Thorarensen, formaður, þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og góðar móttökur í Sveitarfélaginu Ölfusi og sleit fundi kl. 17:30.

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Bláskóabyggð

Árni Eiríksson, Flóahrepp

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshrepp

Ragnar Magnússon, Hrunamannahrepp

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ

Unnur Þormóðsdóttir, varamaður Hveragerðisbæ

oddviti@blaskogabyggd.is

arni@floahreppur.is

gunnar@gogg.is

ragnar@fludir.is

aldis@hveragerdi.is

unnur@hsu.is

Njörður Sigurðsson, Hveragerðisbæ njordur@skjalasafn.is
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg arith@arborg.is
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg arna@arborg.is
Ásta Stefánsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg asta@arborg.is
Helgi Sigurður Haraldsson, Sveitarfélaginu Árborg hlh@eimskip.is
Kjartan Björnsson, Sveitarfélaginu Árborg arsenal65@simnet.is
Ármann Einarsson, Sveitarfélaginu Ölfus armann@olfus.is
Sveinn S. Steinarsson, Sveitarfélaginu Ölfus sveinn@olfus.is
Björgvin Skapti Bjarnason, Skeið- og Gnúpverjahrepp oddviti@skeidgnup.is

Áheyrnafulltrúar:

Svanhvít Hermannsdóttir, Flóahreppi svanhvit@floahreppur.is
Óttar Bragi Þráinsson, Bláskógabyggð miklaholt@simnet.is
Guðmundur Ármann Pétursson, Grímsnes-og Grafningshr. gap@gogg.is
Bjarney Vignisdóttir, Hrunamannahrepp bjaben@simnet.is

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður inga@arborg.is
Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari rosa@arborg.is